

Eltra skal fyrir refi árlega í hagfeldum stöðum og á hentugum tíma. Skal svo með farið, að sem minst hætta stafi af. Ef rjúpur eða aðrir fuglar eru eittraðir, þá er skylt að auðkenna þá á þann hátt að stýfa af hálfan hægri væng.

Nota ska ltil eitrunar Strychnin eða annað eitur ekki ósterkara og skal refaveiðastjóri ætíð sjá um að nęgar birgðir af því sjeu til og í þeirra manna höndum, er hreppsnefnd trúir til að fari gætilega með það. Alt eittrað agn skal hirða og urða að vori, svo að sem minst hætta stafi af því.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 200 krónum eftir málavöxtum, er renna í fjallskila eða sveitarsjóð eftir fyrirmælum viðkomandi hreppsnefnda.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjér með til að öðlast gildi 1. okt. 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. sept. 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um

fjallskil í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár

I.

Um afrjetti.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár skiftist í tvö fjallskilafjelög þannig: á milli Jökulsár og Hafralónsár sje eitt fjallskilafjelag; annað fjallskilafjelag sje á svæðinu frá Hafralónsá að takmörkum Norður-Múlasýslu (Sauðaneshreppur). Hvort fjallskilafjelagið skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfjelaga.

2. gr.

Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamálefna í sýslunni samkvæmt

sveitarstjórnarlögunum 10. nóvember 1905; en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og 84 framkvæmd í fjallskilamálum deildanna. Nú tilheyrir ein deild tveimur eða fleiri hreppum 7. sept. og hafa þá hlutaðeigandi hreppar störf þessi sameiginlega á hendi.

3. gr.

Alt land skiftist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrjetti, með tölu og ummörkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjallskilabók hreppsins, þessar skrár skulu allar sendar sýslunefnd, er sjer um, að þær sjeu allar innfærðar í eina bók.

4. gr.

Hreppsnefndirnar gangast fyrir því, hver í sínum hrepp, að gerð sje sveitarsamþykkt um það hvort nota skuli heimalönd til uppreksturs fyrir gedðje eða lömb; skal í samþykktinni skýrt tekið fram hver þau lönd sjeu, og tala þess fjár, er í þau ma reka. Má eiginu nota eða leyfa öðrum að nota heimaland sitt til uppreksturs, nema það sje þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt samþyktri af sýslunefnd, ella tvingjaldi hann fjartolla grónum þeim er lönd eiga að hans laudi, og verður að auki sekur sem um gangnarof. — Nu liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gjöra sameiginlega samþykkt um notkun þeirra. Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrjett að því er göngur snertir, enda sjeu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum. Allar samþykktir, sem nefndar eru í grein þessari, hvort sem þær eru eldri eða yngri en þessi reglugjörð, skulu sendar sýslunefnd til samþykktar, áður en ár er liðið frá því reglugjörðin öðlast gildi.

5. gr.

Alt sauðfje nema kvíær þær, sem nytkaðar eru, skal reka á afrjett eins fljótt og tíð og gróður leyfa, en lömb og dilkær viku eftir fráfarur.

Reka skal í miðjan afrjett, nema afrjettar eigandi eða hreppsnefnd hafi öðru vísi mælt fyrir.

6. gr.

Nú gengur fje úr afrjettum í búfjárhaga manna, er þá rjett að búendur þeir, er lönd eiga að afrjetti, kveðji granna sína þá, er næstir búa, til að hreinsa land með sjer, og reka fje aftur á afrjetti, en gera skulu þeir það endurgjaldslaust. Svo skulu þeir haga hreinsun og rekstri, að fjenu verði eigi mein að, ella varðar það sektum sem fyrir gangnarof, nema meiru varði eftir almennum hegningarlögum.

7. gr.

Nú eiga tveir eða fleiri menn afrjett saman og skiptist þá afrjettartollur milli þeirra eftir tiltölu hvers eins í afrjett, þótt einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

8. gr.

Skýlt er hreppsnefnd ef hlutaðeigendur krefjast, að gjöra ákvörðun um hve margt

- 84 7. sept. sauðfje má reka á hvern afrjett, sem heyrir undir stjórn hennar. Sje eigandi afrjettar óá-nægður með ákvörðunina er honum heimilt að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið. Sú hreppsnefnd, sem telur ofmargt fje rekið í aðliggjandi utan-sveitar afrjett, getur og skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi sam-
komulag við umráðamann afrjettarins.

II.

Um fjárrjettir.

9. gr.

Fjárrjettir skiftast í aðalrjettir og aukarjettir ákveður sýslunefnd eftir uppástungum hreppsnefndanna hverjar vera skuli aðalrjettir og aukarjettir. Aðalrjettir eru í Fjallahreppi Grundarhólsrjett, í Öxarfjarðarhreppi Hvirfilvallarjett, í Presthólahreppi Katastaða og Blika-lónsrjett, í Svalbarðshreppi Flautafells og Laxárdalsrjett og í Sauðaneshreppi Hallgilsstaðarjett. Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett. Á aukarjettum skal rjetta fyr en á aðal-rjettum, enda gangi úrtíningsfje á aukarjettum til aðalrjettar og dragist þar upp. Sýslunefnd semur skrá yfir allar fjárrjettir í sýslufjelaginu; skal þar framtekið hverja afrjetti og heima-lönd ganga skal að hverri rjett, og hverja daga þar skal rjetta. Skrá þessa skal rita í fjall-skilabók hvers hrepps.

10. gr.

Skylt er hverjum hreppi að halda við fjárrjettum og byggja að nýju þegar þörf er, kostnað við það skulu allir fjáreigendur í hreppnum bera, eftir sömu reglum og annan fjallskilakostnað, en hreppsnefnd annast um framkvæmd verkisins.

Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir nægilegu dilkrúmi við þá aðalrjett, sem hann á sókn að, sama gildir um þær fjallskiladeildir, er von eiga fjár á rjettinni. Lokið skal aðgerð rjetta og dilka, degi fyrir hinn fyrsta rjettardag haust hvert.

11. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárrjettum, eða færa af þeirra fyrri stöðum á aðra hentugri, og skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málið undir álit hreppsbúa á næsta vorþingi. Sje um aukarjett að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarúrslita, en um aðalrjettir þarf samþykki sýslunefndar til þess að ákvörðunin sje gild.

Skyldur er hver búandi, að leggja til land og hleðsluefui undir aðalrjett án endur gjalds valdi það eigi skemdum á túni eða engjum en fyrir usla og ágang greiðist þóknun úr fjallskilasjóði eftir samkomulagi við hreppsnefnd, en andvirði seldra ómerkinga rennur þá í sveitarsjóð.

12. gr.

Þar sem afrjettir eru viðlendir og hreppsbúum þykir þörf á, skal á sveitarinnar kostnað byggja gangnakofa á hentugum stöðum, svo að gangnamenn geti notið þar húsa-skjóls, meðan á göngum stendur, og gengst hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir framkvæmd á því.

III.

Um smölun til rúnings og fráfærna.

13. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorin eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

14. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist má hún láta göngur fara fram á afrjettum; hið sama gildir að því er snertir smölun á ám til fráfærna.

IV.

Um göngur og rjettun.

15. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðkindur á afrjetti, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, en skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskilin af hendi fyrir heimamenn sína. Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi slept geldfje sínu í heimalönd, annað hvort í óleyfi eða samkvæmt 4 gr.

16. gr.

Skifta skal hreppsnefnd afrjettum þeim, sem hún á fyrir að ráða, í leitir, og kveða á um, hve marga menn þarf í leit hverja, svo og til annara fjárrjetta, er sækja þarf fje að. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabókina.

17. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að gefa hreppsnefnd skýrslu um fjártölu á afrjett, á þeim tíma, er hún ákveður. Hreppsnefnd er skylt að semja skýrslu um fjártölu þeirra hrepps-búa, er reka á utansveitar afrjett, og senda skýrslu þessa hlutaðeigandi hreppsnefnd eigi síðar en mánuði fyrir göngur.

Hreppsnefndir skulu jafna öllum fjallskilakostnaði á fjártölu hrepps-búa og annara þeirra, er afrjett sveitarinnar nota, með ákveðnu auratali á hverja kind, og nefnist sú fjár-söfnun fjallskilasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða gangnakostnað, eftirleitir og annað það, er fjallskil varða.

18. gr.

Þar sem utansveitarfje gengur árlega á afrjettum einnar sveitar, án þess þó að rekið sje, skal sú eða þær sveitir, er fjeð eiga, leggja til fjallskila að einhverju leyti, þar sem fjeð gengur. Skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir koma koma sjer saman um hvað sá kostnaður er mikill, en komist ekki samningur á um það atriði, má skjóta því til úrskurðar sýslunefndar.

7. sept.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa skifst, og er honum það sjálfrátt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá eru það gangnarof, og varðar það 10 til 30 króna fjeðótum. Sje brotið itrekað, tvöfaldast sektirnar í hvert skifti; þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, slíkar skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rjett er og að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil í stað þess, er gangnarof gerði, á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður; sama gildir um þann, er lögmæt forföll hefir.

20. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minst helmingur leitarmanna tekur gildan. Nú verður leitarmaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og varðar það skaðabótum sem fyrir gangnarof.

21. gr.

Það skal vera aðalregla, að gera fern fjallskil haust hvert. Nú kemur óveður þegar gangnamenn eru á stað komnir, og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu eða engu gagni, og er það komið undir hlutaðeigandi hreppsnefnd, hvort hún álítur að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinni.

22. gr.

Fjallskilum skal haga þannig, að rjettardagar fyrstu fjallskila sje 22. september, annara fjallskila 27. september, þriðju fjallskila 6. október og 4. fjallskila 16. október. En á svæðinu frá Hafralónsá að takmörkum Norðurmúlasýslu, skulu rjettardagar vera, í fyrstu göngum miðvikudagur í 22. viku sumars, í öðrum göngum miðvikudagur í 23. viku sumars, og í þriðju göngum laugardagur í 25. viku sumars.

23. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbrjefi, er berist sem þingboð um hreppinn nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi á að leggja til fjallskilanna; sje þar tekið fram, hvernig göngum skal haga í hvert skifti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, er sendir eru á aðrar fjárrjettir. Hreppsnefndin hefir umsjón með rjettun fjáris og sundurdrætti. Rjett er og, að hún kveði sjer til aðstoðar á rjettinni svo marga menn, sem þarf til þess að sundurdráttur fjáris gangi greiðlega. Allskonar óhlýðni og þrjóska gegn skipun rjettarstjóra varðar sektum sem fyrir gangnarof.

Störf þau, sem talin eru í þessari grein, má hreppsnefnd fela einum eða fleiri mönnum til framkvæmda.

24. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa svo marga menn á þeirri fjárrjett, er hann á sókn að, sem með þarf til þess, að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem rjettarstjóri mælir fyrir. Skal að minsta kosti einn maður vera kominn til rjettar frá hverjum fjáreiganda, þá rjettað

er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fje frá rjettinni fyrri en honum er lokið, nema rjettarstjóri leyfi.

84
7. sept.

25. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal haga í hverri leit. Þeir sjá svo um, sem unt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjár-söfnin sjeu rekin með reglu til rjettar og í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins þar til rjettarstjóri tekur við því. Eru gangnameunn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof ef útaf er brugðið.

26. gr.

Þyki einhverjum sjer gerð ofmikil fjallskil, er honum rjett að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sjer undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

V.

Um hreinsun heimalanda.

27. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín á hverju hausti, um leið og önnur, þriðju og fjórðu fjallskil fara fram. Skipar hreppsnefnd fyrir um rekstur þess fjár til rjettar, er kemur fyrir í heimalöndum, eða sjer um rjettun þess, sje það rjettað í aukarjettum. Heimilt er og hreppsnefnd að skipa fyrir um hreinsun heimalanda oftár á hausti, þegar henni þykir nauðsyn til bera.

28. gr.

Nú liggja lönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutadeigandi hreppsnefndir gera samþykkt um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði, er lönd hreppanna ná saman. Sama gildir og um smölun til rúnings og fráfærna. Greini hreppsnefndir á um þetta, skal sýslunefnd skera úr. Óhlýðni gegn skipunum hreppsnefnda um hreinsun heimalanda, og hverskonar vanræksla í því efni, varðar sektum sem fyrir gangnarof.

29. gr.

Hver maður er skyldur að hirða fje það, er finst í heimalöndum, eftir að hinn almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rjetta leið, nema kvöld sje komið eða óveður, svo að elgi sje fært. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, uns fært er að reka. Hver sem sleppir fjárrekstri, verður sekur sem um gangnarof.

VI.

Um eftirleitir.

30. gr.

Þegar fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleitir á afrjetti, annaðhvort fyrir umsamda borgun úr fjallskilasjóði, eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

31. gr.

Nú finnur maður óheimt fje á afrjetti í eftirleit, án þess samið hafi verið um borgun fyrir ferðina, og ber þonum þá borgun fyrir það þannig:

fyrir lamb hvert.	kr. 4,50
— veturgamla kind	— 6,00
— dilká með dilk	— 9,00
— dilká með 2 dilkum	— 12,00
— mylka á	— 5,00
— gelda á	— 6,00
— sauð 2 vetra og eldri	— 7,00
— hrút eldri en veturgamla	— 10,00

Borgun fyrir óheimt fje greiðist úr fjallskilasjóði. Fyrir óheimt fje, sem finst í heimalöndum, eða við smölun fjár, þótt í afrjett sje, eftir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða fundarlaun.

32. gr.

Skylt er fjáreigendum að auðkenna fje sitt jafnóðum og það heimtist úr öðrum göngum, með glöggu merki. Vanræki einhver að auðkenna fje sitt þannig, verður hann sjálfur að borgaa fundarlaun fyrir hverja kind sína, sem finst í eftirleit, en ekki fjallskilasjóður.

Fyrir heimt fje (merkt), sem finst í eftirleit, ber eiganda að greiða kr. 2,00 fyrir hverja kind, á hvaða aldri sem hún er.

VII.

Um fjármörk.

33. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en ef soramarkað er, með brennimarki á hornum eða kláufum. Enginn má elga fleiri en tvö mörk. Skráði og brögð á eyrum eru auðkenni en ekki fjármörk. Um markrjettindi og sammerkinga, fer sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna sauðfje sitt á vinstra horn með sveita brennimörkum þannig:

Sauðaneshreppur	L 1
Svalbarðshreppur	S 2
Presthólahreppur	P 3 og P ∞

Hið síðara fyrir austur Sljettu.

Öxarfjarðarhreppur	Ø 4
Fjallahreppur	F 5

Hver sem eigi hlítir ákvæðum þessum, gjaldi 50 aura í sekt fyrir hverja hornóttu kind, er rennur í fjallskilasjóð.

84
7. sept.

34. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefndin semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álitur að þurfi þó eigi sjaldnar en tífunda hvert ár, og útbýta meðal búenda í sýslufjelaginu. Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimildarskjala, er fylgja ábýli hans, og skila næsta ábúanda, er hann flytur frá jörðinni.

VIII.

Um óskilafje.

35. gr.

Óskilafje, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða, og senda lýsingar af í næstu sveitir, það fje sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð, af hlutað-eigandi hreppstjóra. Því fje sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í Lögbirtingablaðinu innan þriggja mánaða.

IX.

Almennar ákvarðanir.

36. gr.

Hver hreppsnefnd haldi aðskilda fjallskilabók, skal í hana rita skrár þær, sem um er getið í reglugjörð þessari, og allar þær ákvarðanir, er hreppsnefnd gerir um fjallskilamál-efni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit úr fjallskilabókinni, hvenær sem þarf.

37. gr.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 1. jan. 1922, er úr gildi numin reglugerð um fjallskil í Norður-Þingeyjarsýslu, austan Jökulsár, frá 4. ágúst 1908.

38. gr.

Með brot gegn ákvörðunum reglugjörðar þessarar skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1922.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. sept. 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.